Ed. **552. Frumvarp til laga** [172. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968.

(Eftir 2. umr. í Ed., 27. apríl.)

Við 40. gr. laganna bætist 5. málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ökumaður auðkennds almenningsvagns á áætlunarleið í þéttbýli gefur merki um akstur frá auðkenndri biðstöð skal stjórnendum annarra ökutækja skylt að draga úr hraða, eða nema staðar, til þess að hinn auðkenndi almenningsvagn eigi greiða leið út í umferðina. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um auðkenni þessara vagna og önnur framkvæmdaatriði. Ákvæði þetta leysir þó eigi ökumann almenningsvagnsins undan öðrum ákvæðum þessara laga né því að sýna ítrustu varúð við akstur frá biðstöð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.